Við Blönduós er rekin metnaðarfull þjónusta við vegfarendur. Mikilvægt er að gera einnig ráð fyrir að sú starfsemi verði flutt til í samræmi við hagstæðari leið.

Með hagkvæmari samgöngum og styrkingu byggða má gera ráð fyrir að þessi mikilvæga þjónusta hafi möguleika til meiri vaxtar í framtíðinni.

Með því að gera ráð fyrir Svínvatns- eða Húnavallaleið falla hagsmunir allra Norðlendinga saman. Að gera ráð fyrir öðru er skammsýni“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164

180. Marteinn Helgason, dags. 23. júní 2010. Kt. 080377-3559. Kiðagil 3-202, 603 Akureyri.

Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

„Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínvatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan vilja mikils meirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164

181. Guðríður Magnúsdóttir, kt. 230266-3019. Kári Ottóson, kt. 181163-6909. Guðjón Kárason, kt. 310187-2919. Brynjar Kárason, kt. 051088-3879. Rúnar Kárason, kt. 090793-3389. Dags. 23. júní 2010. Viðvík, 551 Sauðárkróki.

„Efni: Í sambandi við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

Í sambandi við aðalskipulag ykkar með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfum við okkur hér með sem vegfarandur að styðja ykkar tillögu og vona að áframhaldið verði á þá leið að það verði gerð jarðgöng frá Hjaltadal yfir í Hörgárdal.

Sú leið ásamt Þverárffjallsvegi styttri leiðina milli Akureyrar og höfuðborgarinnar álíka mikið og Svínvatnaleið. Þó svo að göngin hafi verið felld út úr aðalskipulagi Skagafjarðar þá ætlum við að vona að þau rati þangað inn



aftur. Stór kostur er að losna við Öxnadalshéiði sem er 540m y s. og síðan er Þverárfjallsvegur mun lægra yfir sjávarmáli en Vatnsskarðið. Við erum alveg sannfærð um að það se ekki síðri ávinningur á þeirri framkvæmd og hún kemur okkur íbúum á norðurlandi til góða og þéttir þéttbýliskjarnana. Við teljum þetta eina arðsömustu vegagerð sem ráðast má í héraendis. Vegur þessa leið stytti leið fyrir umferð milli Norðausturlands- og vesturluta landsins og stuðlaði þannig að umtalsvert auknu umferðaröryggi, skemmri aksturstíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun, lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands, fjölbreyttara leiðavali og á allan hátt hagkvæmari, þægilegri og öruggari akstri.

Vinna við gerð jarðgangnanna og vegarins mun einnig skapa verðmæt störf nú á tímum mikils atvinnuleysis. Við vonum að þessi sjónarmið hafi verið höfð í huga hjá sveitarfélaginu við undirbúning aðal-skipulagsins

Skorum við því á Húnavatnshrepp og Blönduósbæ að gera áfram ráð fyrir umræddum vegi í tillögum sínum að aðalskipulagi sveitarfélaganna áfram því það yrði mjög svo í þágu byggðar og greiðra samgangna í landinu.“

Umsögn: Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir athugasemdina.

182. Gísli Baldvinsson, 25. júní 2010. Kt. 240148-7579. (Heimilisfang kemur ekki fram)

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.“

Með vísan til auglýsinga eftir athugasemdum við ofangreindar tillögur, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegfarandi að gera athugasemdir við að í tillögnum skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, þrátt fyrir ótvíræðan vilja mikils meirihluta íbúa Norð-austurlands og fulltrúa þeirra og raunar meirihluta landsmanna allra.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.

183. Stefán Stefánsson, dags. 25. júní 2010. Kt. 270554-5209. Jódísarstöðum, Akureyri.

„Ég gerið hér með athugasemd við og mótmæli því að í skipulagi ykkar sé ekki gert ráð fyrir Húnavallavegi sem styttr leið til Akureyrar um 14 km.“

Mér finnst þetta misráðið og litað af „2007“ hagsmunum sem við erum að reyna að losa þjóðfélagið við eftir slæma útreið slíkrar framkomu. Við getum ekki tekið hagsmunum fátta fram yfir hagsmuni heildarinnar“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164 og umsögn við athugasemd Leiðar hf.

184. Haraldur Guðmundsson, dags. 27. júní 2010. Einholti 28 Akureyri.

„Góðan og blessaðan daginn..Ég vil ekki trúá því að þið leggist gegn því að stytta leiðina um 14km.Ég veit að það munar um að fá umferðina í gegn um Blönduós.Enn við sem búum austan við ykkur munar um 28Km þegar við þurfum á Suðurlandið.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.

185. Finnur Karl Björnsson Kt. 060152-2099, Köldukinn, 541 Blönduósi og Kristófer Kristjánsson Kt. 231229-4879, Köldukinn 2, 541 Blönduósi. , dags. 1. júlí 2010

„Við undirritaðir, eigendur jarðanna Köldukinnar og Köldukinnar 2, viljum með bréfi þessu mótmæla legu reiðvegjar sem teiknaður er inn á Aðalskipulag Húnavatnshrepps og liggur þvert í gegnum eignarlönd okkar.“

Rök:

1. Aldrei hefur verið haft samband við okkur eigendur til að kanna aðstæður eða samningsvilja.
2. Þegar komið er úr landi Blönduós í landi Köldukinnar þarf að fara í gegnum stóðhestahólf þar sem einn stóðhestur eða fleiri eru geymdir. Í landi Köldukinnar 2 eru ræktuð tún fram á bakka og ekki fært nema yfir þau. Einnig er ekki hlið á merkjagirðingu milli Köldukinnar 2 og Grænuhlíðar.

Með rökum þessum krefjumst við þess að umræddur reiðvegur verði fjarlægður af Aðalskipulagi.“



Umsögn: Orðið verður við athugasemd og reiðvegur fjarlægður af skipulagi við endanlegan frágang skipulagstillögunnar.

186. Einar Kristmundsson, dags. 2. júlí 2010. Grænuhlíð, 541 Blönduós.

„Ég undirritaður Einar Kristmundsson geri athugasemdir vegna jarðanna Grænuhlíðar og Smyrlabergs varðandi tillögu Aðalskipulags Húnavatnshrepps. Um er að ræða svonefndar reiðleiðir í mínu eignarlandi. Á skipulagsupprætti er sýnd reiðleið með Blöndu að vestanverðu. Ég vil benda á að reiðleiðir voru mjög víða fyrir á tímum og sennilega hafa bændur úr Blöndudal farið með Blöndu í og úr kaupstað, en þegar Svínvetningabraut var gerð fyrir ca. 80 árum þá fluttist umferðin á hana. Síðan þá er engin þörf fyrir gamlar slóðir. Gert er ráð fyrir reiðleið meðfram Svínvetningabraut og er það mjög eðlilegt. Ég vil taka fram að ég leyfi ekki umferð riðandi manna meðfram Blöndu í mínu landi og ég fer fram á að sú reiðleið verði afmáð af skipulagsupprætti. Þá er nefnt áningarhólf við Smyrlaberg. Það hefur aldrei verið talað um við mig um áningarhólf á þessum stað. Ég hef leyft kunningjum mínum að hafa hestaskipti á afleggjaranum heim að Smyrlabergi, en að þarna sé almennt áningarhólf er fráleitt.

Umsögn: Orðið verður við athugasemd og reiðvegur og umfjöllun um áningarhólf fjarlægt af skipulagi. Verður það gert við endanlegan frágang skipulagstillögunnar.

187. Viðar Magnússon, dags. 5. júlí 2010. Kt. 250162-7749. Krókeyrarnöf 18, 600 Akureyri.

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

Athugasemd samskonar og meirihluti athugasemda en bætt er við eftirfarandi.

Það verður að teljast sanngjörn krafa að orðið verði við þessum athugasemdum. Að öðrum kosti verði sett upp veggjald sem að hreppurinn borgar í formi bóta til bílstjóra sem bætur sem aka þurfa gegnum hreppinn vegna aukins bensínkostnaðar, sem hefur aldrei hefur verið hærra en nú. Það verður að teljast til merkisatburða í Íslandssögunni þessi þverstrengingsháttur hreppsins móti nýrri vegagerð og framförum almennt. Nú hafið i tækifæri til að reka af ykkur slyðruorðið.

Einnig krefst undirritaður að nýr vegur verði lagður um Svínvatnsleið til að aka þar sem lausaganga fjár er ekki leyfð innan um 90 km hraða umferðar, en ég eins og margir aðrir hef því miður lent í því að aka á sauðfé við Blönduós, og vegna snjóþunga við Geitaskarð, en þar hef ég eins og margir aðrir þurft að gista vegna færðar vegna þess hve núverandi vegur liggur lágt um snjóþunga leið.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.

188. Sólveig Adamsdóttir, ódags. Kt. 050850-2349, Reynilundi 3, 600 Akureyri.

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.

„Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar, leyfi ég mér hér með sem vegafarandi eð gera athugasemdir við að í þeim skuli ekki gert ráð fyrir vegi um Svínvatnsleið (Húnavallaleið) og óska eftir því að úr því verði bætt:

Rók mín eru hér sem segir.

Allar styttingar hljóta að vera til bóta fyrir vegfarendur þegar bensínverð er með þeim hætti sem verið hefur og enginn býst við að það lækki svo neinu nemi.

Eins er þetta atvinnuskapandi fyrir þá sem að þessum framkvæmdum koma.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164

**189. Bæjarráð Akureyrar, dags. 1. júlí 2010**

„Efni: Stytting hringvegarins – athugasemd við aðalskipulag Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 1. júlí gert eftirfarandi bókun:

Bæjarráð Akureyrarbæjar lýsir yfir vonbrigðum með að í tillögum að aðalskipulagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar er ekki gert ráð fyrir að leggja megi nýjan veg um svokallaða Svínavatnsleið (Húnavallaleið) í Austur-Húnavatnssýslu. Þessi vegur myndi stytta leiðina milli Norðausturlands og vesturhluta landsins um tæplega 14 km og stuðla þannig að auknu umferðaröryggi, skemmri aksturstíma, minni eldsneytiseyðslu og mengun og lægri flutningskostnaði og þar með aukinni samkeppnishæfni Norðausturlands. Þetta er vafalítið eitt af stærstu hagsmunamálum fyrirtækja og íbúa á Akureyri.

Bæjarráð skorar á fyrrgreind sveitarfélög að endurskoða tillögurnar.

Þetta tilkynnist hér með.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.



190. Árni Ólafsson, dags. 2. júlí 2010. Kt. 080855-2499. Austurbyggð 4, 600 Akureyri.

Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavallahrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030. Svínavatnsleið / Húnavallaleið.

Undirritaður, Árni Ólafsson Akureyri, á hagsmuna að gæta vegna auglýstra tillagna að aðalskipulagi Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Ég á leið um svæðið oft ár hvert akandi milli heimilis míns á Akureyri og höfuðborgarsvæðisins, bæði vegna vinnu og í frítíma. Þess vegna geri ég hér með athugasemdir við auglýstar tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í auglýstum aðalskipulagstillögum er ekki gert ráð fyrir nýjum stofnvegi, Svínavatnsleið eða Húnavallaleið, sem styttri þessa leið um a.m.k. 13 km en Vegagerðin hefur óskað eftir því að gert yrði ráð fyrir leiðinni í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Rök Blönduósbæjar gegn leiðinni eru þau að þar með færast bærinn úr alfaraleið og að það muni hafa alvarleg og neikvæð byggða-, efnahags- og samfélagsleg áhrif.

Húnavatnshreppur leggur megináherslu á uppbyggingu tengivega í sveitarfélaginu og má skilja af greinargerð aðalskipulagstillögunnar að sú stefna sé e.k. skiptimynt gegn stefnu Vegagerðarinnar um breyttan stofnveg auk þess sem vísað er til meintra hagsmuna Blönduósbæjar.

- Bæði sveitarfélögin hafa sett fram markmið um aukið umferðaröryggi í aðalskipulagstillögum sínum.
- Ný veglína milli Fagraness og Stóru-Giljár myndi bæta umferðaröryggi umtalsvert auk þess sem styttri leið hefði í för með sér skemmri akstur tíma milli megináfangastaða (NA-land - höfuðborgarsvæðið) minni eldsneytiseyðslu og mengun auk lægri flutningskostnaðar en nú er. Hagsmunir íbúa alls Norðausturlands eru miklir í þessu tilliti, bæði efnahagslegir og gagnvart umferðaröryggi.
- Vegurinn milli Fagraness og Blönduóss, sem félli með þessu út sem þjóðvegur 1 og yrði tengivegur innan sveitar, er mjór, bugðóttur og hæðóttur auk þess sem veðravíti er norðan og austan Blönduóss og leiðin til vandræða á vetrum þess vegna. Engin rök geta mælt með endurbyggingu þess vegar sem hluta þjóðvegur 1.
- Ef atvinnulíf Blönduóss á að vera burðugt verður það að byggjast á öðru en þvinguðu gegnumstreymi íbúa Norðausturlands og á kostnað þeirra. Bærinn verður verðmætari og áhugaverðari áfangastaður ferðamanna á grundvelli



vandaðs og fallegs bæjarumhverfis, menningarstarfsemi og fjölbreytts atvinnulífs en sem bensinsjoppa fyrir gegnumstreymisumferð.

- Brottfall meirihluta gegnumstreymisumferðar um Blönduós mun hafa jákvæð áhrif á búsetuumhverfi bæjarins og bæta öryggi innanbæjarumferðar verulega. Auk þess gæti breytt umferðarumhverfi opnað möguleika á endurbótum á bæjarmynd, sem aukið gæti aðráttarafl bæjarins gagnvart atvinnufyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum.

Með vísan í ofangreind atriði krefst ég þess að gerð verði sú breyting á aðalskipulagstillögum beggja sveitarfélaganna að gert verði ráð fyrir breytingu á stofnvegakerfi þeirra (Þjóðvegi 1) og Svínavatnsleið/Húnavallaleið færð inn á skipulagsuppdrætti í samræmi við óskir Vegagerðarinnar. Með því yrði komið til móts við meginmarkmið beggja sveitarfélaganna um bætt umferðaröryggi, sem hlýtur að teljast mikilvægara öllum öðrum markmiðum um samgöngukerfi þeirra. Auk þess ber sveitarfélagunum að taka almanna-hagsmuni fram fyrir sérhagsmuni.

Ég vek athygli á því að hér er um að ræða grundvallaratriði í samhengi landsáætlana og skipulags sveitarfélaga. Líkur eru á því að beiti sveitarfélögin skipulagsvaldi til þess að gæta meintra sérhagsmuna sinna á kostnað heildarhagsmuna og íbúa heilla landshluta verði forræði þeirra yfir skipulagi vissra þátta af þeim tekið með breyttum skipulagslögum. Andstaða sveitarfélaganna við þá hagkvæmu samgöngubót, sem Vegagerðin hefur lagt til í Húnavatnssýslu, verður því einungis dýrkeypt töl á nauðsynlegri framkvæmd. Í þessu ljósi ítreka ég kröfu mína um breytingar á skipulagstillögnum þannig að samfélagið allt fái sem fyrst notið bættra vegasamganga.

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.

Hreppsnefnd vill benda á að stór hluti þéttbýlisstaða á Íslandi eiga mikið undir í þjónustu við ferðamenn sem aka í gegnum bæina á ferð sinni um Hringveginn. Má þar nefna Borgarnes, Varmahlíð, Akureyri, Egilsstaði, Vík, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík og Mosfellsbæ. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er ekki kunnugt um mikinn vilja hjá sveitar-/bæjarstjórnnum þessara staða að færa Hringveginn sem nemur 14 km frá áðurtöldum stöðum.

191. Dags. 5. júlí 2010. Ingibjörg Jónsdóttir, kt. 250371-4469 og Ingþór J. Kristmundsson, kt. 070870-3479, Gilá 541 Blönduós.

„Vegna aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 viljum við landeigendur Marðarnúps/Gilár gera athugasemd er varðar tillögu að hverfisvernd Gilárgils/Marðarnúpsgils (H8). Í greininni kemur fram að þar hafi ríkt beitarfriðun í gegnum aldirnar og gilið sé erfitt aðkomu. Þetta eru rangfærslur þar sem gilið er engan veginn friðað þar sem bæði menn og skepnur geta með auðveldum hætti farið þar um hafa gert í gegnum tíðina. Í Gilárgilinu er stífluveggur og vegslóði vegna heimarafstöðvar sem var á sínum tíma á Marðarnúpi. Við óskum eftir að þessi tillaga verði felld niður.“

Umsögn: Orðið verður við athugasemd og gögn lagfærð við endanlegan frágang skipulagstillögunnar. Ekki verður sýnd hverfisvernd á svæði merkt H8-Gilárgil/Marðarnúpsgil.

192. Dags 6. júlí 2010, Sigríður Hermannsdóttir, kt. 030355-4319 og Einar Svavarsson, kt. 210556-5599, Hjallalandi 541 Blönduós.

„Við, Sigríður Hermannsdóttir, kt. 0303554319 og Einar Svavarsson, kt. 2105565599, Hjallalandi óskum eftir að afnumið verði orðið Hvammsskriður í landi Hjallalands af aðalskipulagi Húnavatnshrepps og einnig öllum afkortum á þess vegum, svo sem á korti um minjavernd. Einnig að nafni á 425 svonefndum Hvammsskriðum í Vatnsdal verði breytt í skriður í Vatnsdalsfjalli (sem afmarkasto.s.frv.)



Örnefni þetta er villandi og einungis er talað um Hvammsskriðu fyrir ofan bæinn Hvamm, utar í landi Hvamms eru svonefndar Hvammsurðir, fyrir ofan Urðarvötn(tjörn) nú kallað Hvammstjörn og uppundan svonefndum landsenda í Hvammslandi. Í landi Hjallalands er ekkert til sem heitir Hvammsskriður og hefur aldrei verið. Haft hefur verið samband við Rannveigu Benediktsdóttur hjá Landmælingum Íslands, sem kannast ekki við þetta nafn og er það ekki skráð á kort landmælinga. Einnig var talað við Kristínu Salóme Jónsdóttur hjá Umhverfisstofnun og taldi hún að þetta nafn (Hvammsskriður) í landi Hjallalands mjög villandi og ráðlagði okkur að kæra þetta og nafninu yrði breytt í skriður í Vatnsdalsfjalli. Þá var rætt við Jónínu Hafsteinsdóttur hjá Örnefnastofnun og var hún sama sinnis. Þó nafnið „425 Hvammsskriður í Vatnsdal“ hafi verið færðar í land Hvamms og yfirskyggð svæðið nær frá Eyjólfstöðum og út fyrir bæjarlæk á Hjallalandi er það engin breyting. Við töldum að þetta mál væri úr sögunni, samanber samtöl við Björn Magnússon, Hólabaki þáverandi oddvita Húnavatnshrepps en svo ekkert fari milli mála, höfum við ákveðið að kæra þetta skipulag, sbr. samtal við Jens sveitarstjóra þ. 6. júlí, þ.e. í dag. Hann taldi nægjanlegt að senda sér tölvupóst.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 17. ágúst 2010 kemur eftirfarandi fram varðandi svæði á náttúruminjaskrá:

“Í kafla um svæði á náttúruminjaskrá er farið yfir þau svæði innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá. Svæði 425 er í tillögunni nefnt Hvammsurð í Vatnsdal, en í náttúruminjaskrá ber það heitið Hvammsskriður í Vatnsdal. Umhverfisstofnun bendir á að haft hefur verið samband við stofnunina og því komið á framfæri að svæðið hétu Skriður í Vatnsdalsfjalli. Nafnabreyting verður ekki í skránni fyrr en ný skrá verður auglýst. Einnig er lýsing á mörkum ofangreinds náttúruminjasvæðis ekki samhljóma því sem segir í skránni.”

Umsögn: Orðið verður við athugasemd og nafni á uppdráttum og í greinargerð breytt úr Hvammsskriður í skriður í Vatnsdal.

193. Vegagerðin, dags. 6. júlí 2010 (Þorvaldur Böðvarsson, Hvammstanga)

„Inn á skipulagið vantar malarslitlagnámu í landi Syðri-Löngumýrar. Námar er staðsett h.m. Svínvetningabrautar þegar ekið er frá Kjalvegi að Blöndubró hjá Brúarhlíð. Vegur að námunni er í u.þ.b. 350-400 m fjarlægð frá Svínvetningabrautinni. Einnig vil ég benda á að námi í Blöndueyrum í landi Ytri-Löngumýrar er ekki inni á skipulaginu en ég lít svo á að þar eigi hún að vera.“

Umsögn: Orðið verður við athugasemd og námunum bætt inn á uppdrátt og í greinargerð.

194. Leið ehf, dags. 6. júlí 2010. Kt. 641201-2270. Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.

„Efni: Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 og Húnavatnshrepps 2010-2020. Nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum er óskað heilla með kjörið í nýafstöðnum kosningum svo og með fyrirbyggjandi tillögum að aðalskipulagi sveitarfélaganna, þótt gera þurfi athugasemdir við eitt veigamikið atriði, sem vænst er að sveitarstjórnir taki öðru vísi á en þær sem áður sátu. Um er að ræða heimild til að leggja nýjan um 17 km veg svonefnda Svínvatnsleið eða Húnavallaleið, sem stytti leiðina um Hringveginn um allt að 13,7 km. Sem kunnugt eru nokkuð um liðið síðan Leið ehf. óskaði eftir að sveitarstjórnir Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar heimiluðu gerð Svínvatnsleiðar með því að gera ráð fyrir henni í svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu og nú í tillögum sínum að aðalskipulagi, en því ávallt verið synjað. Nú hefur Vegagerðin jafnframt óskað eftir að gert væri ráð fyrir vegi þessa leið í tillögum sveitarfélaganna að aðalskipulagi. Voru hugmyndir hennar m.a. kynntar á opnum fundum þar sem tillögurnar að aðalskipulaginu voru kynntar í báðum sveitarfélögum 1. febrúar í Húnavatnshreppi og 2. febrúar í Blönduósbæ. Þrátt fyrir fyrirbyggjandi óskir um að gert verði ráð fyrir þessum vegi í aðalskipulagi og þau rök sem liggja að baki hafa sveitarstjórnir þær sem áður sátu ekki gert ráð fyrir þeim. Því eru hér með settar fram eftirfarandi kröfur og athugasemdir:

1. Að rétt verði staðið að auglýsingu aðalskipulagstillögunnar og hún því auglýst á ný og þar gert ráð fyrir veginum. Í framhaldinu geta þeir sem telja sig hafa hagsmuni gert þær athugasemdir sem þeir telja efni standa til sbr. 2. mgr. 18. gr. skipulagslaga nr. 731/1997.

2. Að sveitarfélögin fallist á að gert verði ráð fyrir hinum nýja vegi í aðalskipulaginu.

3. Verði ekki fallist á kröfu skv. lið 2 fallist sveitarfélögin á að aðalskipulag á því svæði sem vegurinn nærði yfir verði frestað skv. heimild í 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 731/1997 þar til niðurstaða fæst um hvort af gerð hans getur orðið eða ekki.



4. Loks er gerð tillaga um að skapaður verði vettvangur þar sem fara megi yfir og ná samkomulagi um hvernig þeir hagsmunir sem sveitarfélögin Blönduósbær og Húnavatnshreppur telja að skerðist og þeir hagsmunir sem byggðirnar á Norðausturlandi ná fram með styttingu leiða verði sem best samþættir. Raunar má telja hugmyndir Leiðar ehf. um veggjöld mjög til málamiðlunar fallna en án efa getur fleira komið til.

Um athugasemd 1.

Ekki verður fallist á annað en að skylt sé að gera ráð fyrir veginum í aðalskipulagi og þar með í tillögum þeim að aðalskipulagi sem um ræðir og auglýsingum á þeim þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir honum, en í 28. gr. vegalaga segir (med undirstrikun undirritaðs):

28. ,gr. Vegir og skipulag.

Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum.

Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en sá sem Vegagerðin telur betri með tilliti til kostnaðar og tæknilegrar útfærslu og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmuninn. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

Við gerð skipulags skal að öðru leyti haft samráð við Vegagerðina um legu vega eftir því sem þörf krefur. Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi, svo sem með auknum umferðarþunga.

Þar sem telja verður skýrt skv. tilvitnuðum ákvæðum laganna að heimildir Vegagerðarinnar gangi framur heimild sveitarstjórna á hverjum stað þegar um er að ræða legu þjóðvega í aðalskipulagi, enda ljóst að umferðaröryggi eykst umtalsvert með tilkomu nýs vegar, verður að telja að ekki sé rétt að málum staðið með því að auglýsa tillögunu án þess að veglína skv. hugmyndum Vegagerðarinnar sé höfð þar inni. Er gerð krafa um að tillögurnar verði auglýstar að nýju þar sem veglínurnar verði sýndar. Verði ekki orðið við þessum tilmælum mun Leið ehf. alvarlega íhuga að láta reyna á réttmæti auglýsingarinnar hjá þar til bærum aðilum. Er þess vænst að ekki þurfi til þess að koma. Óskað var eftir þessu með bréfi Leiðar ehf. til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar, fyrr á árinu en svör bárust aðeins frá Húnavatnshreppi þar sem beiðninni var hafnað og það rökstutt. Ekki er kunnugt hvaða rök sveitarfélögin hafa sent Vegagerðinni skv. 2. mgr. 28. greinarinnar en miðað við þau rök sem sjá má á opinberum vettvangi m.a. á vef sveitarfélaganna og í bókunum stjórna sveitarfélaganna sem þar birtast svo og í tilvitnuðu bréfi Húnavatnshrepps til Leiðar ehf. verða þau að teljast fremur veik. Minnt skal á að Vegagerðin er ríkisstofnun sem ætlað er að starfa í þágu alls samfélagsins og hefur skv. því sem greinir á vef stofnunarinnar skilgreint hlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

„Að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Með þessu er átt við að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur.“

Í þessu ljósi verða jafnt tilvitnuð ákvæði vegalaga og tillaga Vegagerðarinnar um að óska eftir vegi þessa leið að teljast eðlileg, timabær og rökrétt og á skjön við ótvíræð ákvæði laganna að sniðganga tillögur hennar í auglýsingunni um aðalskipulagið.

Um athugasemd 2.

Þótt athugasemd skv. lið 1 teljist e.t.v. eiga að falla undir lið 2, þ.e. ef fallist verður á gerð vegarins, þarf án efa að auglýsa aðalskipulagstillögunu á ný.



Að því er varðar þá ósk að gert verði ráð fyrir veginum í aðalskipulagi má tína til fjölmörg rök, sem þó hafa flest verið rakin áður. Skulu þau helstu þó rakin hér:

Skv. skýrslum sem unnar hafa verið er um að ræða eina arðsömustu veglagningu sem um ræðir fyrir íslenskt samfélag. Skv. skýrslu Rannsóknar- og þróunarstofnunar Hásklans á Akureyri, frá því í júní sl. sem byggð er á eldri skýrslu sem unnin var fyrir Leið ehf. 2006 er arðsemi þessa vegar „... 11% og er þá miðað við 2.400 m.kr. stofnkostnað án vsk. Ef stofnkostnaðurinn er lægri eða 2.000 m.kr er arðsemin tæplega 14%. Ef stofnkostnaðurinn er enn lægri eða 1.600 mkr er arðsemin tæplega 17% ..." Þótt arðsemi fyrir samfélagið hafi eitthvað lækkað frá fyrri tölum vegna minni umferðar og hækkaðs kostnaðar m.a. vegna krafna um aukna breidd nýrra vega er hún engu að síður umtalsverð. Þá skal minnt á að í ljósi mikilla erfiðleika á verktakamarkaði má gera ráð fyrir hagstæðum tilboðum.

Fyrir liggur að mikill vilji er fyrir þessari vegstyttingu hjá íbúum og öðrum sem fara milli Norðausturlands og vesturhluta landsins. Má um það m.a. benda á ítarlega skoðanakönnun sem raunar er frá árinu 2006, allnokkrar ályktanir bæjarstjórna, og samtaka sveitarfélaganna, Eyþings, Atvinuþróunarfélags Eyjafjardar o.fl. Bent skal á að af hálfu sveitarfélaganna hefur ekkert verið lagt til umræðunnar um þessar mögulega vegstyttingar annað en almennar staðhæfingar um „vilja heimamanna“, að óbreytt lega vegar sé „farsælust fyrir héraðið“ og að flutningur vegar hefði „veruleg neikvæð áhrif á byggð á Blönduósi“ o.s.frv. Á hinn bóginn hefur Leið ehf. látið vinna ítarlega skýrslu um þetta atriði sem nálgast má á vef félagsins. Nefnist skýrslan „Svínavatnsleið - Mat á samfélagsáhrifum“ og kom hún út í febrúar 2008. Í skýrslunni kemur fram að gerð nýs vegar þurfi hreint ekki að vera svo neikvæð fyrir byggð á Blönduósi og án efa á það enn frekar við ef gert verður ráð fyrir veggjöldum. Af hálfu Húnavatnshrepps hefur verið bent á að nýr vegur sé í andstöðu við vilja jarðeigenda, sem alls ekki var raunin þegar undirritaður kynnti sér viðhorf þeirra í lok árs 2008, þótt vissulega séu e.t.v. ekki mikil hrifning hjá öllum og einstaka eigendur hafi lagst gegn þessum hugmyndum. Hvað sem því líður er ótækt að sveitarfélag láti eigendur einstakra jarða ráða afstöðu sinni.

Minna verður sérstaklega á að ýmis sú starfsemi og þjónusta sem er að finna á Blönduósi má færa að hinum nýja vegi. Er þa einkum höfð í huga sala á eldsneyti til ökutækja og varningur til ferðamanna. Með styttri vegum og þar með aukinni umferð ættu sú þjónusta að geta aukist, jafnvel umtalsvert, frá því sem nú er.

Vegur þessa leið stytta leið um tæpa 14 km fyrir þá fjölmörgu sem leið eiga um milli Nordaustur- og vesturhluta landsins. Gróft áætlað sparar 14 km stytting á leið þar sem vænta má jafnmikillar umferðar og raun ber vitni, eða um og yfir 600 ökutæki á dag að meðaltali allt árið, umferðinni milli 300 til 350 milljon krónur á ári. Er þá miðað við sparnað við akstur ökutækja, smárra og stórra, tímasparnað og aukið umferðaröryggi. Ekki er gert ráð fyrir þeim ávinningi sem ný störf við lagningu vegarins fælu í sér, sem óhjákvæmilega yrði miðað við stöðu efnahagsmála og yfirlýsingar ráðamanna að vera í einkaframkvæmd. Þetta er sennilega alarðsamasta vegagerð sem ráðast má í á landinu eins og nú háttar til. Má gera ráð fyrr að þessi stytting lækkaði flutningskostnað milli Nordausturlands og Sudvesturlands um 2 til 3% en vegalengdarstyttingin er 3,5% (13,7 km af 389 km).

Loks skal bent á hér að í athugasemd Sambands sveitarfélaga á Nordurlandi vestra til samgöngunefndar Alþingis við meðferð samgönguáætlunar 2009 til 2012, sem dagsett er 18. maí sl. og nálgast má á vef Alþingis segir m.a.: „Viðhald á þjóðvegi 1 um Húnavatnssýslur er stórlega ábótavant og þolir vegurinn ekki þá miklu umferð sem þar fer um dag hvern. Því er mikilvægt að ráðast strax í viðhald vegarins.“ Nýr um 17 km vegur með fullri breidd, burðargetu og legu sem fullnægir nútímakröfum og kæmi í stað um 30 km af eldri vegum ætti að bæta umtalsvert úr þessu ástandi.

Um athugasemd 3.

Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru fyrir samfélagið af styttingu vegum þótt slíkar framkvæmdir kunni að þýða eitthvað minnkuð umsvif á þeim þéttbýlisstöðum sem verða fyrir minni umferð þykir til vara mega gera tillögu um að ákvörðun um staðfestingu aðalskipulags á því svæði sem vegurinn nær yfir verði frestað.

Þetta varð t.d. niðurstaðan í Skagafirði eftir að yfirvöld þar höfðu kynnt tillögu að aðalskipulagi þar sem ekki var gert ráð fyrir nýjum ca. 15 km vegi vegi til styttingar Hringvegi þar. Tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun andstætt vilja sveitarstjórnar að taka út það svæði sem vegur skv. tillögu Vegagerðarinnar lægi um og fresta skipulagi.



Var sú niðurstaða nú nýverið staðfest af umhverfisráðuneytinu. Má um þetta sjá m.a. í fréttasafni á vef Vegagerðarinnar.

Mætti þá nýta tímann til að leita eftir málamiðlun, sbr. lið 4.

Um athugasemd 4

Telja verður að af hálfu bæjaryfirvalda á Blönduósi gæti nokkurs einstrengingsháttar varðandi þessa hugsanlegu veglagningu, sem m.a. lýsir sér í því að áformað er að láta aðalskipulagið gilda allt til 2030 eða í 20 ár. Af hálfu Leiðar ehf. hefur nokkud verið reynt til að fá fram umræður um þessa vegstyttingu við yfirvöld. Blönduósbæjar. M.a. sótti undirritaður fund með bæjarstjórninni sl. haust. Af hálfu Leiðar ehf. og Atvinnuþróunarfélags Eyfirðinga var staðið að opnum fundi í Húnaveri um þessa vegstyttingu í byrjun október og þingmönnum beggja kjördæma og sveitarstjórnarmönnum þeirra sveitarfélaga sem nýir vegir lægu boðið til fundarins. Vitað er að á vettvangi Eyþings og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur verið fundað um þetta, en allt án árangurs.

Verður að telja æskilegt að skapaður verði vettvangur til að leiða þetta mál til lykta með sem minnstum neikvæðum áhrifum fyrir Blönduós. Sýnist það best verða gert með því að draga fram staðreyndir málsins og reyna síðan að huga að úrræðum til að lágmarka þann skaða sem byggð á Blönduósi kann að verða fyrir.

Skal áréttað enn og aftur að veggjöld sem nema e.t.v. á bilinu 500 til 600 kr. fyrir fólksbíla og 1.500 til 2.000 kr. fyrir stóra bíla ættu að geta dregið verulega úr neikvæðum áhrifum vegarins og leiddi væntanlega til þess að flestir vegfarendur hugsuðu sig vel um áður en þeir færu hina styttri leið. Þær sem nýttu sér hana mundu síðan án efa hvort eð er ekki hafa áð á Blönduósi og því lítið á ferð þeirra meðfram þéttbýlinu þar að græða.

Með von um að viðunandi niðurstaða náist fyrir alla.“

Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 1.

Hreppsnefnd getur ekki tekið undir að að heimildir Vegagerðarinnar gangi frammar heimild sveitarstjórna á hverjum stað þegar um er að ræða legu þjóðvega í aðalskipulagi. Fyrir liggur úrskurður ráðherra frá 28. júní sl. um vegagerð við Varmahlíð en þar er úrskurðað um frestun á skipulagi þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður og Vegagerðin eru ekki sammála um vegstæði. Ennfremur ber að nefna að vegstæði Húnavallaleiðar liggur um samfellt votlendissvæði sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Sjá annars svar við athugasemdum 1-164.

Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 2.

Í gildandi samgönguáætlun 2010-2013 er ekki einungis horft til arðsemis sem meginmarkmið í þróun samgangna. Eitt markmiðanna er um jákvæða byggðapróun sem er nýmæli í samgönguáætlun en með því er meðal annars stefnt að því að grunnkerfi samgangna nái til allra þéttbýlisstaða með 100 íbúa eða fleiri. Við forgangsröðun á ráðstöfun fjármagns verður því ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar.

Að öðru leyti er vísað í svör við liði 1 og við athugasemdum 1-164.

Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 3.

Sjá svar liðum 1-2 og við athugasemdum 1-164.

Umsögn við athugasemd Leiðar ehf. liður 4.

Sjá svar liðum 1-2 og við athugasemdum 1-164.

195. Flutningssvið Samtaka verslunar- og þjónustu, dags. 6. júlí 2010. Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

„Efni: Athugasemd við tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Blönduósbæjar 2010-2030.“

Með vísan til auglýsinga á ofangreindum tillögum, m.a. á vef Skipulagsstofnunar vill flutningasvið SVÞ koma eftirfarandi á framfæri. Það er afstaða flutningasviðs SVÞ að vegstæði þjóðvegjar númer eitt geti ekki verið og eigi ekki að vera einkamál einstakra sveitarfélaga. Samgöngur eru lífæd atvinnulífs og almennings hér á landi



sem annars staðar. Samkeppnishæfni einstakra svæða landsins byggja á greiðum samgöngum og samgöngubætur eins og stytting vega og auknið umferdaröryggi eru mikilvægari en margt annað. Flutningasvið SVÞ hefur ítrekað mikilvægi þess að hagsmunir heildarinnar eigi að vera leidarljós skipulags- og samgönguyfirvalda. Sú meðferð sem möiguleg stytting þjóðveggar númer eitt hefur fengid hjá einstökum sveitarfélögum á Nordvesturlandi eru skýr dæmi um að faregi þessum verður að breyta. Flutningasvið SVÞ styður eindregið landsskipulag þar sem hagsmunir heildarinnar eru ávallt uppi á borðinu og gerir á þeim forsendum alvarlegar athugasemdir við ákvarðanir Húnavatnshrepps og Blönduóss um aðalskipulag þar sem sveitarfélögin virðast ætla að komast upp með að afgangi vegstæði Hringvegarins sem sitt einkamál sem komu öðrum vegfarendum landsins ekki við.“

Umsögn: Hreppsnefnd Húnavatnshrepps hefur bent á aðrar leiðir varðandi samgöngubætur á landinu og telur að horft sé framhjá hagsmunum sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu með tillögu um Húnavallaleið. Þar með eru hagsmunir heildarinnar ekki hafðir að leiðarljósi.

Sjá annars svar hreppsnefndar við fjölathugasemd 1-164.

196. Vegagerðin, dags. 6. júlí 2010. Borgarbraut 66, 310 Borgarnesi.

Athugasemd Vegagerðarinnar er sett fram í 4 liðum.

„Vegagerðin telur óeðlilegt að hafna breytingu á legu aðal stofnveggar héraðsins á þeim forsendum að ástand tengivega sveitarfélagsins sé ekki í því ástandi sem það helst vill. Ástand tengivega í Húnavatnshreppi er hvorki betra né verra en almennt gengur um sambærilega vegi á landsvísu. Stytting Hringvegarins tengist hagsmunum fleiri en íbúa sveitarfélagsins.“

Umsögn: Hreppsnefnd Húnavatnshrepps vill benda á að við gerð aðalskipulags er gætt samræmis við gildandi samgönguáætlun en þar kemur fram í 2. gr. að „við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsriðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.“ Hreppsnefnd vill benda á að í markmiðum skipulags- og byggingarlaga kemur fram „að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi“. Með því að setja fram tillögu Vegagerðinnar um Húnavallaleið inn í Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022, telur hreppsnefnd að verið sé að brjóta á rétti þeirra íbúa í sveitarfélaginu sem hafa lýst yfir andstöðu sinni á Húnavallaleið og þar með ekki verið að fylgja markmiði skipulags- og byggingarlaga. Bent er einnig á að við gerð skipulagsáætlana skal stefnt að því að ná samræmi við aðrar áætlanir s.s. skipulagsáætlanir aðliggjandi svæði og áætlanir einstakra málaflokka. Þar undir flokkast samgönguáætlun og Vaxtasamningur Norðurlands Vestra. Í 11. gr. skipulags- og byggingarlaga 2. mgr. kemur fram að „Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.“

Vegagerðin ætti því einnig að taka mið af þeim áætlunum sem í gildi eru þegar tillögur um vegi eru settar fram.

„Vegagerðin hefur lagt í tölverða vinnu við að velja sem besta veglínu fyrir Húnavallaleið og hefur haft samráð bæði við sveitarfélagið og landeigendur í því sambandi. Óhjákvæmilegt er að vegurinn liggji um mýrar og ræktað land að hluta. Nýr vegur setur ávallt nokkuð mark á landslag þar sem hann fer um en Vegagerðin leitast jafnan við að fella nýja veg eins vel að landslagi og kostur er. Á þessu stigi undirbúnings er ekki venjan að ganga til eiginlegra samninga við landeigendur. Mjög oft eru landeigendur ekki sáttir við vegagerð í sínu landi, en lög landsins gera ráð fyrir að hægt sé að láta hagsmuni fjöldans vega þyngra en hagsmuni einstakra landeigenda enda komi fullar bætur fyrir.“

Umsögn: Samkvæmt tillögu að matsáætlun fyrir Svínvatnsleið frá 2007 þá hefur svæðið sem um ræðir verið kortlagt í verkefninu Nýttjaland (Landbúnaðarháskóli Íslands - nóvember 2005) en ekki er vitað um aðrar



heimildir um gróður á svæðinu. Ljóst er af kortum að gróður er allfjölbreyttur á því svæði sem fyrirhugað vegarstæði liggur um. Þar er mólendi af mismundandi toga, votlendi, deiglendi, graslendi og ræktað land. Votlendi er töluvert útbreitt. norður af Reykjum og nær samfelld á miðbiki framkvæmdasvæðisins en samkæmt gögnum frá Nyttalandi er um að ræða stórt samfelld votlendi sem nýtur verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Þar sem gróðurlendi eru nokkuð fjölbreytt má reikna með að allmargar tegundir finnist á svæðinu. Válistategundin Stefánssól (*Papaver radicum*) gæti t.d. fundist á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar. Fuglalíf er fjölbreytt á svæðinu. Ljóst er að fyrirhugaður stofnvegur yrði nokkuð áberandi í landinu þar sem vegurinn lægi þvert yfir Húnavatnshrepp. Fyrir liggur að mikil andstaða kom fram hjá sumum landeigendum um veglínuna á íbúafundi á Húnavöllum þann 1. febrúar 2010 þegar tillaga Vegagerðarinnar var kynnt fyrir íbúum.

„Búast má við að nýr vegur um Húnavelli muni hafa einhver áhrif á verslun og þjónustu sem nú er stunduð á Blönduósi. Vegagerðin vill þó benda á að tölverðar líkur eru á að hluti þessarar starfsemi muni flytjast að nýjum vegi með einhverjum hætti og hafi þar með ekki mikil áhrif á nærsamfélagið hvað efnahagsstarfsemi áhrærir.“

Umsögn: Afstaða sveitarstjórna sem eru aðilar að Svæðisskipulagi Austur Húnavatnssýslu hefur ekki breyst hvað varðar Húnavallaleið. Í svarbréfi samvinnunefndar Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu við athugasemdum Vegagerðarinnar dags. 7. apríl 2005 kom eftirfarandi fram: „Það er samdóma álit heimamanna að lega Hringvegur sé á allan hátt farsælust fyrir héraðið um Blönduós. Blönduós er aðal þjónustukjarni og miðstöð héraðsins. Hins vegar hefur verið í umræðu sveitarstjórnarmanna og fleiri hagsmunaaðila að kannaður verði ofan í kjölinn sá möguleiki að færa Hringveginn yfir á Þverárfjall og þaðan yfir í Hjaltadal og leggja hann þaðan um jarðgöng yfir í Barkárdal með tengingu til Akureyrar. Á þann hátt má ná fram afar hagstæðri vegtengingu um allt Norðurland. Af framangreindum ástæðum sér Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu 2004-2016 sér ekki fært að verða við óskum Vegagerðarinnar um að gera ráð fyrir færslu Hringvegarins um Sveinsstaða- og Torfalækjarhrepp.“

„Vegagerðin telur að rök hennar fyrir ósk um að Húnavallaleið verði sett inn í aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 standi og að flest rök sveitarfélagsins fyrir að hafna beiðninni standist ekki skoðun. Í 28. gr. vegalaga nr. 80/2007 kemur skýrt fram að sveitarfélagi sé óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Það er því álit Vegagerðarinnar að Húnavatnshreppi beri að taka tillögu hennar inn í aðalskipulagið. Í þessu sambandi er rétt að vitna til nýlegs úrskurðar Umhverfisstofnunar um sambærilega deilu Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en úrskurðurinn var á þá leið að sveitarfélaginu bæri að fresta skipulagi á því svæði sem tillaga Vegagerðarinnar um nýja veglínu Hringvegar lægi.“

Umsögn: Sjá svar hreppsnefndar við lið 1.